

Mál nr. 374/2021

**M og
V v/ réttaraðstoðartryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna dómsmáls er varðar riftun kaupa vegna galla í bifreið.**Gögn.**

Málskot, móttækið 28.9.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.10.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í október 2019 keypti M notaða bifreið, A, sem var flutt inn til landsins af nánar tilgreindu fyrirtæki, B., í ágúst sama ár. Í apríl 2020 varð bilun í vél A sem M kveður B bera ábyrgð á. Einnig mun hafa komið í ljós að kílómetramælir A sýndi lægri kílómetrastöðu hér á landi en reyndin var þegar A var skoðuð erlendis fyrir innflutning. Hefur M rift kaupunum gagnvart B og hyggst höfða dómsmál á hendur B til staðfestingar á riftuninni. M hefur farið þess á leit að fá málskostnað vegna dómsmálsins bættan úr réttaraðstoðartryggingarlið fjölskyldutryggingar sem hann hefur í gildi hjá V. Kveður M að málið varði eignarrétt hans í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar og rétt hans samkvæmt lögum um neytendakaup nr. 48/2003. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum réttaraðstoðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar þeirrar sem V hefur í gildi hjá V greiðir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings í einkamáli, sem tekur til ágreinings sem snertir vátryggðan, sem einstakling, og sem kemur til úrlausnar héraðsdóms hér á landi. Samkvæmt skilmálunum eru nánar tilgreindar tegunda dómsmála undanþegnar bótaskyldu. Þannig er tekið fram í skilmálunum að vátryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem m.a. varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis, hjólhýsis eða annars tengivagns. Eins og gögn málsins liggja fyrir verður vart um það deilt að M telst vera eigandi A jafnvel þótt hann hafi í hyggju að höfða dómsmál á hendur B til viðurkenningar á riftun á kaupum á A sem og án tillits til þess hann telji fyrirhugað dómsmál varða eignarrétt hans sem lögbundinn sé í 72. gr. stjórnarskrárinnar og rétt hans samkvæmt lögum um neytendakaup. Fyrirgreint undanþáguákvæði vátryggingarskilmálanna er skýrt um það að vátryggingin taki ekki til ágreinings er varðar M sem eiganda vélknúins farartækis eins og A í því tilviki sem hér um ræðir. Af því leiðir að M á ekki rétt til bóta úr réttaraðstoðartryggingunni hjá V vegna fyrirhugaðs dómsmáls á hendur B.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 2. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.